

Fundagerð

**Kynningarfundur Vegagerðarinnar með hagaðilum á verkefninu
endurhönnun á leiðarkerfi landsbyggðarstrætó.**



Fundur fór fram miðvikudaginn 22. janúar 2025 og fór fram í gegnum Teams.

Fundur hófst kl.13:00 og honum lauk kl.14:47.

Fundagestir

Vegagerðin: Hulda Rós Bjarnadóttir og Fiðrikka Jóhanna Hansen.

Hagaðilar: Hildur Gunnarsdóttir – Hveragerðisbær

Einar Kristján Jónsson – Skaftárreppur

Sigríður Hjálmarsdóttir – Hveragerðisbær

Pálmi Hilmarsson – ML

Ólafur Örn Oddsson – Rangárþing eystra

Soffía Sveinsdóttir – FSU

Þórdís Sif Sigurðardóttir – Árborg

Jóhann G. Jóhannsson – Rangárþing ytra

Pétur Georg Markan – Hveragerðisbær

Framkvæmdastjóri Umf. Selfoss

Atli Marel Vokes – Árborg

Brynja Dögg Ingólfssdóttir - Hornafjörður

Gunnar Gunnarsson - Bláskógarbyggð

Áslaug Harðardóttir - ML

Haraldur Þór Jónsson – Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Jón Bjarnason – Hrunamannahreppur

Sylvíá Karen Heimisdóttir – Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Bragi Bjarnason – Árborg

Þórarinn Guðni Helgason – Hrunamannahreppur

Smári B Kolbeinsson – Grímsnes- og Grafningshreppur

Guðni Pétursson – Ölfus

Sandra Dís Hafþórsdóttir – Ölfus

Einar Freyr – Mýrdalshreppur

Rúnar Guðmundsson – Árborg

Síða 1/5

Vegagerðin

1. Kynning

Aðilar: *Vegagerðin*

Vegagerðin kynnir tilefni fundarins og uppbyggingu hans. Tilefnið er vinna að nýju útboði Landsbyggðastrætó þar sem leiðarkerfið er endurskoðað. Hópurinn sem boðaður er til fundar er sá hópur sem fellur innan svæðist útboðssamnings.

Verkefnið kynnt, ferlið á breytingum og samvinnu. Farið yfir áskoranir og áherslur verkefnisins í heild sinni. Farið yfir niðurstöður á verkefninu fyrir þennan landshluta/samningshluta, hver markmikiðin voru, hverju var náð að breyta og hvað þurfí að setja á bið. Nánari skýringar á þessu er að finna í glærkynningu sem var farið yfir á fundinum og fylgir með hér. Vegagerðin fer yfir breytta akstursleið innan Selfoss fyrir leiðir 51, 52 og 53 og fækkan stoppistöðva. Einnig farið yfir niðurfellingu ákveðinna stoppistöðva í Uppsveitum Suðurlands vegna ósamræmis við umferðarlög nr.77/2019 er varðar umferðaröryggi.

Síða 2/5

2. Umræður

Aðilar: *Vegagerðin og aðrir fundagestir*

Hildur Gunnarsdóttir – Hveragerðisbær

- Farið var yfir hvaða stoppistöðvar verða áfram á Selfossi og hvernig vagnar muni aka þar um. En hvað með stoppistöðvar í Hveragerði? Þrengt er að vögnum þar sem núverandi aðstaða er í dag. Hveragerðisbær er t.d. með þreyfingar um að útbúa nýja stoppistöð við Breiðumörk svo þær verði alls tvær innan þéttbýlisins.
- Vegagerð svarar að ekki voru skoðaðar breytingar á akstursleið innan Hveragerðis. Markmið breytinga á stoppistöðvum er ekki að fylgja þeim heldur að fækka í þeim þéttbýlum þar sem mikil fjöldi er nú þegar í dag, t.d. á Selfossi. Markmið landsbyggðarvagna er að aka milli kjarna en ekki sinna akstri inna ákveðinn þéttbýliskjarna. Vegagerðin lýsir yfir áhuga að heyra meira um nýja stoppistöð við Breiðumörk og koma á samtali milli aðila um það.

Vegagerðin

Bragi Bjarnason - Árborg

- Óskað er eftir að fá glærur kynningarinnar sendar. Einnig að halda annan fund betri fund með Árborg um jöfnunarstöð og akstursleiðir innan Selfoss.
- Vegagerðin svara að kynningarrefni er hægt að senda út þegar allir fimm kynningarfundir eru liðinir. Vegagerðin tekur einnig vel í að eiga fund varðandi jöfnunarstöð á Selfossi. Verður sett á dagskrá innan deildarinnar.

Gunnar Gunnarsson – Bláskógarbyggð

- Spurt er hvort hægt sé að setja leiðir í uppsveitum þannig upp að þær þjóni betur íþrótt og tómstundstarfi. Einnig að þær hittist í Reykholti frekar en Flúðum, þá kemur möguleiki á kerfi sem er „fram og til baka“ milli Reykholts og Flúða.
- Vegagerðin svarar að horft sé þannig á akstursleiðir í Uppsveitum að gera þarf nýjan grunn sem hægt er byggja enn frekar á í framtíðinni. Leiðarkerfið í Uppsveitum þurfi meiriháttar endurskoðun.

Smári Kolbeinsson – Grímsnes- og Grafningshreppur

- Í sveitarfélagini eru tveir þéttbýliskjarnar – Borg og Sólheimar – og ekki er stoppað á Sólheimum í dag en mikið ákall sé um það. Hefur það komið til umræðu?
- Vegagerðin svarar að svo stöddu erum við ekki að fara að aka að Sólheimum því Sólheimar og Borg eru innan sama sveitarfélags. Vegagerðin fer aðeins yfir þá skilgreiningu sem er á núverandi þjónustu hvað varðar akstur á milli og innan sveitarfélaga.

Síða 3/5**Hildur Gunnarsdóttir – Hveragerðisbær**

- Óskað er eftir betri útskýringu á morgunferðum leiðar 71 á Selfoss eins og kom fram í kynningu.
- Vegagerðin svarar að þetta sé varaáætlun ef Hellisheiði er lokað og að vagn á leið 51 sem sinnir tengingu milli Hveragerðis og Selfoss á morgnanna, sem er samkvæmt nýju skipulagi staðsettur í Reykjavík í upphafi dags, kemur ekki. Þá mun leið 71 ekki enda akstur í Hveragerði heldur aka yfir Selfoss. Þetta á aðeins við um þessa einu morgunferð. Umrædd ferð ferjar nemendur frá Ölfus og Hveragerðisbæ í FSU. Vegagerðin bendir á að umrædd lausn sé nú þegar þekkt í kerfinu og góð reynsla sé með það. Dæmi er þegar Herjólfur siglir í Þorlákshöfn í stað Landeyjarhafnar og þegar ófært er um Þverárfjall að Sauðárkrók. Í þeim aðstæðum eru kallaðir út aukabílar til að brúa leiðarkerfið.

Vegagerðin**Gunnar Gunnarsson – Bláskógarbyggð**

- Spurt er hvað þurfi til svo vagnar aki inn að þéttbýliskjörnum sem ekki eru innan leiðarnetsins í dag.
- Vegagerðin svarar að skortur er á betri skilgreiningu og skýrari stefnu á því hverju landsbyggðarvagnar eiga að þjóna og hvaða þéttbýliskjörnum eigi að aka að.

Soffía Sveinsdóttir – FSU

- Hvenær eiga umræddar breytingar taka gildi
- Vegagerðin svarar, 1. janúar 2026.

Haraldur Þór Jónsson – Skeiða- og Gnúpverjahreppur

- Fer yfir fyrirhugaða framtíðaruppbryggingu í Árnesi, en þar er engin akstur í dag og verður ekki samkvæmt kynningu Vegagerðarinnar. Útskýrir að þegar áætlun tekur gildi verða 800-1000 manns að vinna við virkjanaframkvæmdir í Árnesi. Að það sé mikilvægt að þetta verði skoðað alvarlega. Einnig á að fara fram mikil ferðaþjónustuppbrygging sem þýðir framtíðarstörf fyrir 200 manns. Óskað er eftir rökstuðningi um niðurstöðu Vegagerðarinnar að aka ekki að Árnesi.
- Vegagerðin þakkar góða ábendingu. Vegagerðin svarar að verið sé að vinna með það leiðarkerfi sem er til staðar nú þegar og að ekki sé gert ráð fyrir viðbót í kerfið í formi útvíkkunar.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir – Hornafjörður

- Lýsir vonbrigðum um að það séu engar breytingar fyrirhugðar austan Hvolsvallar. Einnig að það sé mjög mikilvægt að halda inni stoppistöðvum, en ekki fækka þeim. Sérstaklega þar sem strjálbýli er mikið eins og á Suðausturlandi. Heldur þurfi að finna leiðir til að halda þeim inni og byggja þær upp.

Síða 4/5

Einar Kristján Jónsson – Skaftárhreppur

- Tekur undir með Brynju varðandi langar vegalengdir á Suðausturlandi. Gerir athugasemd um að ekki sé hægt að bæta við þjónustu á þeirra svæði en það er aftur á móti gert í vesturhlutanum. Lýsir einnig yfir vonbrigðum að ekki hafi verið ráðgert að auka þjónustu austar en hugsanlega Vík. Það sé miður að austursvæðinu hafi ekki verið stillt upp með aukavagni eins og vestursvæðið.
- Veagerðin þakkar bæði Einari og Brynju fyrir góðar athugasemdir og ábendingar. Vegagerðin útskýrir að til sé drög að plani B og C. Ítrekað að ekki verði staðar numið í lok þessa fasa með endurhönnun leiðarkerfisins. Það sem mun koma til framkvæmda nú er aðeins byrjunin en sá hluti hafi verið stærstur, tímafrekastur og sá flóknasti. Vegagerðin útskýrir einnig að árið 2020 þegar heimsfaraldur covid stóð yfir hafi verið skorið niður á öllum leiðum og að sá niðurskurður hafi ekki komið til baka eftir að covid lauk. Núverandi leiðarkerfi er því mjög rýrt af fjármunum. Vegagerðin útskýrir einnig að þegar sagt er að það vanti heilan vagn inn í kerfið sé það mun stærri upphæð en þegar talað er um að vagn þurfi að aka lengra.

Vegagerðin

Skriflegar athugasemdir sem bárust í gegnum Teams:**Hildur Gunnarsdóttir – Hveragerðisbær**

- Hveragerði? Hvað með stoppistöð/var þar?

Áslaug Harðardóttir - ML

- Þið nefnduð bara FSU og FAS á Höfn. Ekki gleyma ML [að fjöldi framhaldsskóla á Suðurlandi er alls 3 en ekki 2].

Famkvæmdarstjóri Umf. Selfoss

- Mjög góð yfirferð hjá ykkur um "óleyf" til aksturs innan sama sveitarfélags. Hljómar eins og reglan um að tölvan segi nei. Að mínu mati er verið að hegna sveitarfélögum fyrir að sameinast. Skil vel að hendur ykkar séu bundnar en klárlega þurfa stjórnvöld að bregðast við þessu.

Gunnar Gunnarsson – Bláskógarbyggð

- ...plús nýja brúin yfir Þjórsá sem mun skapa meiri umferð um þetta svæði [Árnes].

Síða 5/5

Vegagerðin